

Nd.

197. Nefndarálit

[19. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum og orðið ásátt um að mæla með samþykkt þess með tilteknum breytingum.

Nefndin fékk á sinn fund Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóra Sambands isl. sveitarfélaga, Óskar Guðmundsson, framkvæmdastjóra Iðnfræðsluráðs, og sr. Guðmund Sveinsson, rektor Fjölbrautaskólans í Breiðholti í Reykjavík. Magnús E. Guðjónsson kvaðst ekki hafa athugasemdir að gera við frv. sem leiddu til efnis- eða orðalagsbreytinga. Óskar Guðmundsson og sr. Guðmundur Sveinsson töldu eðlilegra að breyta orðalagi 1. gr. frv. (varðar 3. gr. laganna) þannig að skýrt kæmi í ljós að jafnan yrði samræmi í námsskrárgerð venjulegra iðnskóla og iðnfræðslusviðs fjölbrautaskóla. Telur nefndin mikilvægt að slíkt megi verða. Miðar umorðun á fyrra málslið 1. gr. að því að ná sem best því markmiði, þannig að menntamálaráðherra fari eftir reglum um námsskrárgerð samkvæmt iðnfræðslulögum, þegar hann setur reglur um iðnfræðslu í fjölbrautaskólum. Hér er því ekki um efnisbreytingu að ræða, heldur aðferðarmun, sem nefndinni þykir einfaldari og aðgengilegri.

Þá leggur nefndin til að sett verði í lög ákvæði um námsskrárgerð fyrir aðrar kennslugreinar fjölbrautaskólans, sem ætlað er að veita starfsréttindi. Um það fjallar síðari málsgrein 1. gr. eins og hún hljóðar samkvæmt till. nefndarinnar.

2. gr. frv. miðar að því að koma á „sveigjanleika“ í stofnkostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, þegar um fjölbrautaskóla er að ræða. Fellst nefndin á, að slíkur „sveigjanleiki“ eigi rétt á sér í þessu tilfalli, og mælir því með samþykkt 2. gr. óbreyttrar. Svava Jakobsdóttir tekur þó fram, að hún telji nú sem jafnan fyrr, að iðnskóla beri að stofna og að reka að öllu sem ríkisskóla.

Breytingartillögur nefndarinnar er að finna á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. des. 1976.

Ingvar Gíslason,
form., frsm.
Ey. Kon. Jónsson.

Sigurlaug Bjarnadóttir,
fundaskr.
Magnús T. Ólafsson.
Gunnlaugur Finnsson.

Ellert B. Schram.
Svava Jakobsdóttir.